# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

BSRB

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 127/1245
*komudagur* 14.3.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2002

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 493. mál.

Landssamband lögreglumanna hefur með umsögn til Alþingis við frumvarpið, dags. 10. mars s.l., gert athugasemd við 1. mgr 1.gr. frumvarpsins og bent á að misræmis gæti í orðalagi hennar og 3. gr. frumvarps um breytingu á almennum hegningarlögum og lögreglulögum, 494. mál. Lagt er til að breyting verði gerð á 1. mgr. 1. gr., breyting skáletruð: „ Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára *eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð,* skal reiknaður ellilífeyrir .................. "
Þá gerir Landssamband lögreglumanna einnig að tillögu sinni að tímamörkin í 3. gr. frumvarpsins 1. október 2002 verði 1. október 2003. BSRB tekur undir breytingartillögurnar og styður þær.
Að öðru leyti lýsir BSRB yfir fullum stuðningi við frumvarpið og mælir með samþykkt þess að teknu tilliti til ofannefndra athugasemda.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir